


**RAFVETTA  
BORGARNESS**



**RAFLÝSING Í  
SKALLAGRÍMSGARÐI**



**október 1989**

## EFNISYFIRLIT :

- 1 ALMENNT
  - 1.1 INNGANGUR
  - 1.2 MARKMIÐ
- 2 SVÆDISLÝSING
  - 2.1 SKEIFA OG BEKKIR VIÐ GOSBRUNN
  - 2.2 STÉTT OG BEKKIR VIÐ AÐALHLIÐ
  - 2.3 SVÆÐI VIÐ HREINLÆTISAÐSTÖÐU
- 3 ÖNNUR LÝSING
  - 3.1 STÍGAR
  - 3.2 GRÓÐUR
  - 3.3 GOSBRUNNUR
  - 3.4 LÁGMYND
  - 3.5 STYTSTA

# RAFLÝSING Í SKALLAGRÍMSGARÐI

## 1.1 INNGANGUR

Eftirfarandi samantekt um raflýsingu í Skallagrímgarði er unnin í október 1989, af Ingólfi Margeirssyni tæknifræðingi hjá teiknistofunni Blátt áfram hf. í Borgarnesi, samkvæmt beiðni Bjarna Skarphéðinssonar, rafveitustjóra Rafveitu Borgarness og að tilhlutan Bæjarstjórnar Borgarness.

## 1.2 MARKMIÐ

Skallagrímgarður er fyrst og fremst skrudgarður. Markmið með lýsingunni er því að lengja þann tíma sem fólk getur notið hans og jafnframt að draga fram einkenni hans, með látlausri og fremur daufri lýsingu, þannig að aðalatriðið sé eftir sem áður garðurinn sjálfur, lögun hans og gróðurinn, en ekki lýsingin sem slík.


Öll lýsing skal því vera sem minnst áberandi og lýsa sem mest á óbeinan hátt. Staurar fyrir svæðislýsingu skulu vera dökkir með einföld ljósker (tungl). Lýsing stíga skal vera með lágum dökklitum ljósgjöfum sem lýsa aðallega niður á stígin og gróðurinn meðfram honum. Lýsing á gróðri skal vera með köstorum sem lýsa upp undir trjákrónurnar, annað hvort niðurgrafnir eða spenntir á trjágreinir.

Leggja skal áherslu á tvö aðalsvæði með lýsingunni þ.e. skeifu við gosbrunn sem nokkurs konar miðpunkt garðsins og stétt við aðalhlíð, einnig þarf að vera sæmileg lýsing við snyrtiaðstöðu. Þessi svæði skulu upplýst með staurum, en önnur svæði skulu vera minna upplýst.

Hafa þarf í huga við endanlegt val á ljósabúnaði að samræma perugerðir, þannig að ekki veri áberandi litamunur á ljósgjöfum.

## 2 SVÆDISLÝSING

### 2.1 SKEIFA OG BEKKIR VIÐ GOSBRUNN



Þetta svæði er nokkurs konar miðpunktur garðsins. Til að leggja áherslu á það og beina athyglinni að því, er stærsta og hæsta ljósið haft þar, auk þess er lýsing í gosbrunninum og lág lýsing með.

Svæðislýsingin er einn 3,5 m hár staur með um 550 (600) mm kúlu (tungl). Staðsetning er við austurenda bekkjanna og aðeins aftan við þá. Staurinn skal vera svartur, en kúlan opallituð.

Athugið að kúlur geta verið annað hvort úr gleri eða plasti. Hafa ber í huga við val á kúlu að gler hleypir birtu vel í gegn, auðvelt er að þrifa það, það lítur betur út og endist betur en plast, nema unnin séu á því skemmdarverk. Plastið er aftur á móti höggþolið, en þó dregur mjög úr þeim eiginleika með tímanum svo og þeim eiginleika að hleypa í gegnum sig birtu.

Eftirfarandi er skrá yfir nokkrar þær tegundir sem koma helst til greina, ásamt umboðsaðilum þeirra. Æskilegasta tegundin er undirstrikuð:

Árvík sf. (Aðalsteinn Árnason)  
Ármúla 1, 105 Reykjavík  
sími 91-687222

BEGA 9951.6 Plastic 550 mm ø 1 MBF 125 W

Rönning  
Sundaborg, Reykjavík  
sími 91-84000

JÄRNKONST 5356 550 mm.


Jóhann Ólafsson & Co. hf. (Ómar Hlynsson)  
43 Sundaborg, Reykjavík  
sími 91-688588

INDALUX 530-FOM ø 520 mm.

G.H. Heildverslun  
210 Garðabæ  
sími 91-656560

IGUZZINI Sistema public 1203+2225.01 ø 600 mm.

## 2.2 STÉTT OG BEKKIR VIÐ AÐALHLIÐ



Svæði þetta er annað aðalsvæði garðsins. Þarna er hellulögð stétt með tveim bekkjum, auk þess er þarna lágmyndin Sonartorrek og Skallagrímshaugur.

Svæðislýsing skal vera tveir staurar staðsettir við sinn hvorn bekkinn. Staurarnir skulu vera um 3,0 m háir og með 450 (500) mm kúlu. Staurar séu svartir og kúla opallituð.

Auk þess verður lágmyndin sjálf upplýst svo og stigur umhverfis Skallagrímshaug.

Árvík sf. (Aðalsteinn Arnason)  
Ármúla 1, 105 Reykjavík  
sími 91-687222

BEGA 9199.6 White plastic 450 mm. ø 1 MBF 80 W

(Stálumbúðir hf.)

RAAK S-2250.1200 ø 500 mm.

Jóhann Ólafsson & Co. hf. (Ómar Hlynsson)  
43 Sundaborg, Reykjavík  
sími 91-688588

INDALUX 450-FOM ø 450 mm.  
INDALUX 125-IJN-KB ø 460 mm.

Rafkaup (Óskar Rafnsson)  
Ármúla 24, Reykjavík  
sími 91-681518

ELENCO 500 (400) mm.

Raftækjverslun Íslands hf.  
Knarrarvogi 2, Reykjavík  
sími 91-688660

MAZDA Boule opale ø 500 mm.

G.H. Heildverslun  
210 Garðabæ  
sími 91-656560

IGUZZINI Sistema mono 7455+1127.01 ø 500 mm.  
IGUZZINI Sistema public 2234.01 ø 500 mm.


Rafbúð Domus  
Egilsgötu 3, Reykjavík  
sími 91-18022

HOFFMEISTER 1.2063.1.41

Rönning  
Sundaborg, Reykjavík  
sími 91-84000

JÄRNKONST 5356 400 mm.

### 2.3 SVÆDI VID HREINLÆTISADSTÖÐU



Gert er ráð fyrir svæðislýsingu sem lýsi upp framhlið skúrsins og nánasta umhverfi hans.

Lýsing skal vera einn staur um 2,0 m hár og með 350 (300) mm kúlu. Staðsetning skal vera um 2,0 m frá SA horni skúrs. Staur sé svartur og kúla opallituð.


t.d. BEGA 9129.6 White plastic 350 mm. ø 1 MBF 50 W (Árvík)

eða IGUZZINI Sistema mono 7448+1123.01 ø300 (G.H. Heildv.)



### 3 ÖNNUR LÝSING

#### 3.1 STÍGAR




Stígar skulu ekki vera fulllýstir heldur aðeins markaðir með lágum ljósgjöfum með 15-20 m millibili, sem lýsi niður á stíginn og á gróðurinn meðfram honum, en ekki í augu eða andlit þeirra sem um garðinn ganga. Meðfram stígum skal síðan lýsa trjákrónur með óbeinni lýsingu.

Ljósgjafar skulu vera lágir pollar um 70 cm háir og með þvermál um 160 mm. Litur skal vera svartur. Áætlaður fjöldi er um 24 stk.

t.d. BEGA 9453 Bollard 1 PLC 10 W h 700 ø 160 (Árvík sf.)

eða ELENCO 3179 h730 ø 220 (Rafkaup)

### 3.2 GRÓÐUR



Gróður og þá sérstaklega trjákrónur hárra trjáa skal lýsa upp með kösturum neðan frá. Kastarar skulu vera sem minnst áberandi og að jafnaði skal beina þeim frá stígum. Þeir geta, annað hvort verið skrúfaðir á greinar trjáanna, eða niðurgrafnir við þau tré sem þeir eiga að lýsa upp, þannig að aðeins sjáist í glerið.


Leggja skal áherslu á að lýsa upp trjákrónur meðfram stígum og þá aðallega ytri röðina. Á aðalstíg í miðjum garði ætti þó að lýsa upp báðar raðirnar. Staðsetja skal lýsingu þannig að það myndist heillegur rammi um garðinn af upplýstum trjákrónum.

Erfitt er að áætla fjölda nákvæmlega en hann gæti verið á bilinu 30-40 stk.

t.d. BEGA 9009 (7411) og 7413 (Árvík sf.)

eða DZ LICHT 1719 (Rafkaup)  
MAZDA 7374 og 7375 (Raft.versl. Ísl.)  
HOFFMEISTER 0.79971-721 (Rafbúð Domus)

### 3.3 GOSBRUNNUR




Gosbrunn skal lýsa upp með tveimur kösturum sem staðsettir eru á botni hans og látnir lýsa upp undir sitt hvora bununa, þar sem þær lenda á vatnsborðinu.


t.d. BEGA 9509 2 Underwater floodlights PAR 36 (Árvík sf.)

eða SILVER FOUNTAIN T-160 (Danmörk)

(Hægt er að breyta um lit í þessum kösturum með sérstökum litaspjöldum, sem geta fylgt þeim.)




### 3.4 LÁGMYND




Til að draga fram form myndarinnar sem mest og gera búnaðinn sem minnst áberandi, er æskilegast að fella lýsinguna inn í steypa rammann að ofan. Þar er því gert ráð fyrir tveimur innfeldum lömpum 65x240 mm.

t.d. BEGA 2289 Direction light  
1 PL 7/9 W 65x240  
BEGA 2288 Direction light  
1 PL 7/9 W (Árvík sf.)

eða WE-EF STG 76x229  
(Jóhann Ólafsson hf.)



### 3.5 STYTTA



Erfitt er að koma fyrir lýsingu við þessa stytta þar sem hún stendur á bersvæði og er mjög lítil. Áföst lýsing myndi því yfirgnæfa styttuna sjálfa.

Þarna er því gert ráð fyrir að koma fyrir niðurgröfnum kastara sem lýsti á ská upp súluna og á styttuna. Staðsetning kastarans væri í um 1,5 m. fjarlægð frá súlunni á móti áletruninni.

t.d. BEGA 9709 Assymmetrical 1 MBF 50 W (Árvík sf.)